

Samfélagsstefna Landsvirkjunar

1. Inngangur

Tilgangur samfélagsstefnu Landsvirkjunar er að stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum og -ábata af starfsemi fyrirtækisins samhliða ábyrgri nýtingu auðlinda.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Stefnan gildir fyrir alla starfsemi Landsvirkjunar.

3. Hugtakaskilgreiningar

3.1. Hagsmunaaðili: Einstaklingar, hópar eða skipulagsheildir sem eiga hagsmuna að gæta, kunna að verða fyrir áhrifum af eða hafa látið sig varða tilteknar ákvarðanir eða athafnir. Þar á meðal eru frjáls félagasamtök, fyrirtæki, launþegar, neytendur, opinberar stofnanir, sveitarfélög o.s.frv. (Stjórnarráð Íslands, 2017)

3.2. NærSAMFÉLAG: Samfélag í nágrenni framkvæmdasvæða, aflstöðva og tengdra mannvirkja.

3.3. Samfélagsáhrif: Áhrif af starfsemi fyrirtækisins á samfélagið.

4. Stefna

Landsvirkjun er góður granni. Við komum fram af heiðarleika og virðingu og höfum að leiðarljósi að nærsamfélag njóti ávinnings af starfsemi okkar, allt frá undirbúningi verkefna í rekstur virkjana.

Við tökum virkan þátt í samféluginu og styðjum við málefni og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif.

Við leggjum áherslu á uppbyggileg samskipti og samvinnu ásamt því að miðla þekkingu um starfsemi fyrirtækisins með fjölbreyttum hætti.

Við erum leiðandi afl í samféluginu og stuðlum að orkutengdri nýsköpun með sjálfbærni að leiðarljósi.

5. Innleiðing, mælikvarðar og upplýsingagjöf

5.1. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu samfélagsstefnu.

Áhersla er lögð á samráð og samvinnu við starfsfólk Landsvirkjunar og hagsmunaaðila. Innleiðing samfélagsstefnu er í samræmi við hlutverk og ábyrgð sviðs samfélags og umhverfis (SKI-0144) og í framhaldi af samþykkt stefnu verður mótað og innleitt verklag um framkvæmd hennar sem verður skjalfest í stjórnunarkerfi fyrirtækisins.

5.2. Meginmarkmið og mælikvarðar

- Fjölgum þeim sem þekkja starfsemi Landsvirkjunar og eru jákvæðir gagnvart fyrirtækinu.
 - Þekking almennings á fyrirtækinu
 - Hlutfall þeirra sem eru jákvæðir gagnvart fyrirtækinu
- Styðjum við nærsamfélög með kaupum á vöru og þjónustu í nærsamfélögum þeirra þar sem það er kostur
 - Hlutfall innkaupasamninga við birgja í nærsamfélagi



- Eigum uppbyggileg og reglubundin samskipti við hagsmunaaðila í nærsamfélögum.
 - Hlutfall af þeim samskiptum sem eru áætluð í samskiptaáætlunum sem er lokið.
- Hvetjum til og stuðlum að orkutengdri nýsköpun.
 - Fjöldi orkutengdra nýsköpunarverkefna sem Landsvirkjun styður/tekur þátt í hverju sinni.

5.3. Upplýsingagjöf

Miðlun árangurs samfélagsstefnu er að finna í mælaborði þar sem gerð er grein fyrir hverjum vísi fyrir sig. Á árlegum rýnifundi stjórnenda er farið yfir árangur og upplýsingar birtar á vef Landsvirkjunar.

6. Endurskoðun


Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en annað hvert ár.

7. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

18. febrúar 2022

Stjórn Landsvirkjunar



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Fjórar þar að Guðmundur Gunnar Þorvaldsson Álfheiður Ingvarðardóttir Þorsteinn Þorsteinsson" followed by "Hljómyrði heimsuming".